




SKOÐUN Svandís Svavarsdóttir vill brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla. **20**



MENNING Georg Óskar sýnir tilfinningarússibana í SÍM salnum. **28**



LÍFÍD Ný fatalína Svölu Björgvins er seld í einni vinsælustu netverslun heims. **42**



SPORT Aron Jóhannsson er spennur fyrir því að hefja leik hjá Werder Bremen. **38**

URVALIÐ ER HJÁ OKKUR

8BLS BÆKLINGUR
FRÉTTABLAÐINU Í DAG STÚTFULLUR AF HEITUSTU GRÆJUNUM

NÝR 8BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF HEITUSTU GRÆJUNUM FYRIR SKÓLANN

TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

6. ágúst 2015
182. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vonast eftir friði

Viktoria Tudhope, varaformaður Skotlandsdeildar CND, ræðir við Fréttablaðið um frið og kjarnorkuvopnalausn heim, sjálfstæðisbaráttu Skotlands og árásirnar á Hírósíma og Nagasakí. **12 og 16**



Höfnuðu umsóknunum

Metár var í umsóknunum til fræðslusamtakanna AFS. Von er á 37 erlendum nemum. **2**

Gagnrýna samráðsleysi Framkvæmdastjóri SFS vill meira samráð við hagsmunadila vegna þvingana gagnvart Rússlandi. **4**

Nýtt heilsuhótel NLFÍ hyggst byggja 90 herbergja heilsuhótel í Hveragerði. Eftirspurnin er að aukast. **18**



SÉRBLAÐ Fólki



Útsölulok
5.-9. ágúst

Götumarkaður
Enn meiri verðlækkun!



KÓNGAR OG DROTTNINGAR Hin árlega Dragkeppni Íslands fór fram í Gamla bíói í gærkvöldi. Ljósmyndari Fréttablaðsins mætti baksviðs þegar lokaundirbúningur þeirra átta sem kepptu um titlana dragdrottning og -kóngur Íslands ársins 2015 fór fram, en þetta er í 18. sinn sem keppnin er haldin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Millidómsstig taki til starfa árið 2017

Innanríkisráðherra stefnir á að leggja fram frumvarp um millidómsstig í haust. Dómurinn geti þá tekið til starfa 2017. Hún segir réttarkerfið búa við fjárskort. Vonar að þingið samþykki myndarlega fjárveitingu fyrir nýtt saksóknaraembætti.

STJÓRNSÝSLA Ólöf Nordal stefnir á að leggja frumvarp um millidómsstig fram á haustþingi. Hún telur raunhæft að það líði ár þar til nýja dómsstigið taki til starfa.

Ólöf segist telja að nýja dómsstigið verði gríðarlega mikil réttarbót og almennt séð hafi verið mikill áhugi á því, á meðal þeirra sem starfa í réttarkerfinu, að það yrði að veruleika. „Þannig að ég vonast til að þingið taki vel á móti þessu máli og það fái góða umfjöllun í vetur.“ Ólöf vonast til að ná frumvarpinu inn á fyrstu dögum haustþings, en setur þann fyrirvara að hún sé með töluverðan fjölda mála á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. „En ég legg mjög mikla áherslu á þetta mál.“

Aðspurð segir Ólöf raunhæft að gera ráð fyrir ári í undirbúning, þar til nýja dómsstigið tekur til starfa. „Ég held að það sé þannig að við séum þá að tala um einhvern tímann árið 2017. Það fer eftir hvernig því er tekið í þinginu. Þetta mál mun þurfa mikla umræðu og vinnu

Réttarkerfið fjársvelt

Ýmsir hafa orðið til þess að benda á fjársveldi í réttarkerfinu. Úttekt Ríkisendurskoðunar, sem Fréttablaðið greindi frá í mars, sýnir að málum, sem komið hafa til ákærmedferðar hjá Ríkissaksóknara, hafi fjölgað verulega á undanförunum árum, en fjárveitingar hafi ekki aukist að sama skapi. Afgreiðslutími sakamála hafi því að meðaltali lengst verulega. „Að mati Ríkisendurskoðunar fer langur málsmeðferðartími hjá Ríkissaksóknara í bága við réttarfars- og stjórnsýslureglur.“ Nýju embætti héraðssaksóknara er ætlað að taka við verkefnum Ríkissaksóknara að einhverju leyti.

Í nefnd. Þannig að ég held að maður þurfi að vera opin fyrir því að sú tímasetning geti breyst.“

Með nýsamþykktum lögum um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum var stofnað nýtt embætti héraðssaksóknara. Ráðgert er að það taki til starfa 1. janúar næstkomandi og verður embætti sérstaks saksóknara lagt niður frá sama tíma.

Híð nýja embætti héraðssaksóknara mun fara með ákærvald á lægra ákærvaldsstigi, það er ákærmedferð sakamála og saksókn fyrir héraðsdómi. Þá mun embætti héraðssaksóknara annast lögreglurannsóknir í skatta- og efnahagsbrotamálum, ásamt rannsóknunum á brotum starfsmanna lögreglu og brotum gegn valdstjórninni.

Staða héraðssaksóknara hefur verið auglýst. Fjárveitingar til embættisins verða svo ákveðnar í fjárlögum sem verða lögð fram í september. „Ég hef lagt áherslu á það að embættið fái það fjármagn sem það þarf til að geta komist á lappirnar.“ Ólöf segir að það sé gríðarlegur fjárskortur í réttarkerfinu. „Og ég hef talað fyrir því frá því að ég tók við stól innanríkisráðherra að horfa svolítið vel á það hvað við getum gert til að sækja meira fé. Um leið og ég segi það þá er það alveg vitað mál að ég hef ekki tók á því að fá allt það fé sem ég myndi vilja fá, en ég er að reyna að bæta í eins og ég get,“ segir Ólöf. Viðbrögð þingsins við embætti héraðssaksóknara verði prófsteinn á það hvernig til tekst að auka fjárveitingar til réttarkerfisins. -jhh

Mikil leynd yfir nýju efni: Sigur Rós tekur upp í New York

TÓNLIST Sigur Rós er um þessar mundir stödd í hljóðveri í New York að taka upp nýtt efni. „Jú, það er rétt, en hvað kemur út úr því veit svo sem enginn að svo stöddu. Þeir hafa verið að hittast öðru hvoru á þessu ári til að vinna að nýju efni,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður Sigur Rósar. Sveitin vinnur með upptökustjóranum John Congleton sem vann Grammy-verðlaun í fyrra fyrir upptökustjórn og hljóðblöndun á plötu bandarísku tónlistarkonunnar St. Vincent. -glp / sjá síðu 46

Kringlan

SKÓLA DAGAR

ALLT FYRIR SKÓLANN Á EINUM STAÐ

VEÐUR



Fremur hæg norðan átt í dag og víða dálítill væta, skýjað með köflum og stöku skúrir sunnan- og vestanlands. Hiti 10 til 18 stig.

SJÁ SÍÐU 26

Yfirfullum báti flóttafólks hvolfði á Miðjarðarhafi. Tugir létu lífið: Hundruðum manna bjargað

ÍTALÍA Talið er að 600 manns hafi verið um borð í yfirfullum bát, sem hvolfði út af ströndum Líbíu í gær. Tugir drukkuðu í hafinu en meira en 400 manns björguðust.

Bátnum hvolfði þegar of margir fóru yfir í aðra hlið hans eftir að björgunarskip komu á vettvang. Svo virðist sem of margir hafi í einu reynt að komast í björgunarbát. Tvö skip voru send á vettvang eftir að neyðarkall barst frá bátnum. Annað var skip hjálparsamtakanna Lækna án landamæra, en hitt var

írskt eftirlitsskip. Fleiri skip komu einnig á vettvang og nokkrar þýrlur voru notaðar við aðgerðirnar.

Miðjarðarhaf hefur undanfarin misseri verið hættulegasti staður heims fyrir flóttafólk. Það sem af er þessu ári hafa meira en 2.000 flóttamenn drukkuð í Miðjarðarhafi. Á síðasta ári drukkuðu þar 3.279 flóttamenn. Flestir koma þeir frá Sýrlandi og Eritreu og freista þess að komast yfir Miðjarðarhafið til Evrópu í von um að finna þar öryggi.



FLÓTTAFÓLK Á MIÐJARÐARHAFI Tugir manna létu lífið þegar bát hvolfði út af ströndum Líbíu í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Bjóða mikla fjárhagsaðstoð: ESB aðstoðar vegna Calais

BRUSSEL Yfirvöld í Evrópusambandinu segjast tilbúin að veita Bretum og Frökkum hjálparhönd við að glíma við flóttamannavandann við Ermarsundsgöngin. Þetta kom fram í yfirlýsingu frá sambandinu í gær.

Í yfirlýsingunni frá framkvæmdastjórn ESB kemur fram að 266 milljónir evra muni renna frá sambandinu til Frakklands vegna málsins á árunum 2016 til 2020 og 370 milljónir evra til Bretlands á sama tíma.



HUNDAR ELSKA LÍKA KLEINUHRINGI Fólk beið í allt að fjórtán klukkustundir eftir kleinuhringjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Hundruð manna biðu í röð eftir að geta keypt kleinuhringi: Seldu meira en 10 þúsund hringi

NEYTENDUR „Það voru um 200 viðskiptavinir í röðinni þegar við opnuðum í gærmorgun og til viðmiðunar má taka fram að þegar fyrsti Dunkin' Donuts-staðurinn var opnaður í Svíþjóð stóðu 100 manns í röð,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri 10-11 sem rekur Dunkin' Donuts á Íslandi.

Klukkan hálf sjö í gærkvöldi höfðu þegar selt um 10 þúsund kleinuhringir, 2.000 drykkir og nokkur hundruð samlokur.

Agatha Rún Karlsdóttir var fremst í röðinni þegar staðurinn var opnaður klukkan nú í gærmorgun. Hún hafði beiði í röð frá klukkan sjö kvöldið áður. Hún ásamt fimmtíu fyrstu viðskiptavinum Dunkin' Donuts var leyst út með gjafakorti upp á kassa af kleinuhringjum á viku í eitt ár.

- sfs

700 skólum gæti orðið lokað: Fé skortir til að hefja skólastarf

PALESTÍNA Palestínuflóttamanna-hjálpar Sameinuðu þjóðanna segir hættu á að ekki verði hægt að hefja skólastarf vegna fjárskorts.

Flóttamannahjálpin rekur 700 skóla fyrir hálfja milljón palestínskra skólabarna. Um 13,5 milljarða króna vantar svo hægt sé að hefja skólastarf í lok ágúst líkt og ráðgert hafði verið. Fáist ekki frekara fé gæti upphafi skólaársins orðið frestað um fjóra mánuði. Skorað er á ríki heimsins að standa við gefin fyrirheit um að styrkja Flóttamannahjálpinu.

- ih

Fyrstu gögnin um afdrifin: Vængbrotið er úr MH370

MALASÍA Najib Razak, forsætisráðherra Malasíu, staðfesti í gær að brot úr flugvélarvæng sem fannst við eyjuna Reunion fyrir viku sé úr flugvélinni MHw370 sem hvarf á leið sinni frá Kúala Lúmpúr til Peking í mars í fyrra.

Talið er að flugvélin hafi brotlennt í Indlandshafi en engin sönnunargögn um afdrif hennar hafa fundist fyrr en nú. Vængbrotið hefur verið til rannsóknar hjá frönskum yfirvöldum en vonast er til að fleiri sönnunargögn um hrap vélarinnar finnist á næstunni.

- sfs

Höfnuðu umsóknnum fimmtán skiptinema

Fræðslusamtökum AFS bærast mun fleiri umsóknir í ár en unnt var að samþykka. Deildarstjóri erlendra nema segir metaðsókn í ár hjá þeim skiptinimum sem sóttu um að koma til Íslands. Í lok ágúst er von á þrjátíu og sjö erlendum nemum.

SAMFÉLAG „Aðsóknin er miklu meiri en áður. Ég held að þetta sé bara það sama og er að gerast í ferðamennskunni, Ísland er bara orðið svo vinsælt,“ segir Sólveig Ása B. Tryggvadóttir, deildarstjóri erlendra nema hjá AFS á Íslandi, en samtökin þurftu að hafna um fimmtán erlendum nemendum sem sóttu um að koma í skiptinám til Íslands í ár.

„Við gátum ekki tekið á móti fleiri nemendum. Við viljum ekki sprengja okkur og svo finnst okkur mjög mikilvægt að halda uppi gæðunum,“ segir Sólveig.

Í lok ágúst er von á þrjátíu og sjö erlendum nemum til tíu mánaða dvalar hér á landi á vegum AFS.

Ungmennin eru á aldrinum fimmtán til nítján ára og koma frá löndum víðs vegar að úr heiminum. Í ár kemur stærsti hópurinn frá Ítalíu.

AFS eru fræðslusamtök og eru þátttakendur nemendur sem stunda skóla og kynnst nýrri menningu þar sem þeir dvelja. Þannig eignast þeir nýja vini alls staðar að úr heiminum, kynnst nýrri menningu, tungumáli, háttum og siðum annarra landa. Skiptinemar búa hjá fjölskyldum og eru ekki gestir eða ferðamenn í dvalarlandinu.

Að sögn Sólveigar hefur áhugi erlendra nema á að koma til Íslands aukist hægt og rólega með hverju ári en þó sé aðsóknin í ár met. „Á síðustu árum hefur verið fjölgun en nú á milli ára sést greinilega að Ísland rýkur upp vinsældalistann,“ segir Sólveig og bætir við að samtökin vildu geta



SÓLVEIG ÁSA B. TRYGGVADÓTTIR Ásókn erlendra nema í að koma til Íslands hefur aukist með árunum. Í ár var metaðsókn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

tekið við öllum þeim nemum sem vilja koma til landsins.

„Það er líka erfitt að finna svo margar fjölskyldur á Íslandi sem hafa áhuga á að taka á móti skiptinimum. Þó að við fyndum fjölskyldurnar þá er aðalmálið þó það að við viljum halda uppi gæðunum.“

Sólveig segir að Ísland sé mjög ofarlega á lista yfir vinsælustu löndin sem nemendur sækja um að fara til. „Enskumælandi lönd eru alltaf mjög vinsæl og það er erfitt að segja að Ísland sé vin-

„Við gátum ekki tekið á móti fleiri nemendum. Við viljum ekki sprengja okkur og svo finnst okkur mjög mikilvægt að halda uppi gæðunum.“

Sólveig Ása B. Tryggvadóttir, deildarstjóri hjá AFS á Íslandi.

sælast því það er misjafnt hvað hvert land tekur marga inn. Bandaríkin, Ástralía og Nýja-Sjáland eru alltaf mjög vinsæl,“ segir Sólveig.

nadine@frettabladid.is


Sjö kvennasamtök skora á Íslandsdeild Amnesty að beita sér gegn frelsi í vændi: Kvennasamtök skora á Amnesty

SAMFÉLAG Sjö kvennasamtök á Íslandi skora á Íslandsdeild Amnesty International að beita sér af alefli fyrir því að tillaga alþjóðahreyfingar Amnesty um að gefa vændi frjálst verði felld.

Samtökin sjö eru Stígamót, Kvænnaathvarfið, Kvennaráðgjöf, Samtök kvenna af erlendum upp- runa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélagið og Femínista- félag Íslands.

Alþjóðahreyfing Amnesty mun funda í Dyflinni á Írlandi helgina 7. til 11. ágúst næstkomandi þar sem liggur fyrir tillaga um að Amnesty líti svo á að vændi eigi að gefa frjálst. Verður kaup, sala, milliganga um vændi og rekur vændishúsa samkvæmt tillögunni látið ótalið.

Kvennasamtökin segja þessa tillögu ganga þvert á þá mannrétt-



LÖGLEIDA VÆNDI Segja tillögu um að Amnesty líti svo á að vændi eigi að gefa frjálst ganga þvert gegn mannréttindabaráttu Amnesty.

NORDICPHOTOS/GETTY

indabaráttu sem Amnesty er þekkt fyrir.

„Að okkar mati er vændi ekki atvinnugrein. Vændi er ofbeldi og frjáls sala á fólki samræmist ekki

okkar skilgreiningu á mannréttindum. Þar að auki er nær ógjörningur að skilja á milli vændis og mansals,“ segir meðal annars í yfirlýsingu frá samtökunum sjö.

- ngy

UPPVASKARI DISHWASHER

SNAPS BISTRO VEITINGASTAÐUR

í 101 Reykjavík auglýsir eftir uppvaskara.

Vinnutími er á kvöldin og um helgar.

Vinsamlegast sendið umsóknir á snaps@snaps.is

SNAPS BISTRO RESTAURANT

in 101 Reykjavík is looking for full time dishwasher. Working hours are night and weekends.

Please send your information at

snaps@snaps.is

SNAPS

Reykjavík | B I S T R O - B A R | Est. 2012

101 ÓBINSTORG REYKJAVÍK ÍSLAND SNAPS.BISTRO.IS

snaps@snaps.is +354 5116677



Innovation
that excites

WWW.NISSAN.IS

NISSAN QASHQAI ER VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



EIGUM NOKKRA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX

Nissan Qashqai er einn tæknilegasti sportjeppi sem völ er á og hlaðinn aukabúnaði svo sem sjálfvirkum aðalljósum, 17" álfelgum, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, Google og Facebook samþættingu við snjallsíma svo eitthvað sé nefnt. Verið velkomin í reynsluakstur.

Verð: **4.190.000** kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*

Verð: **4.790.000** kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,6 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l/100 km*

Verð: **5.190.000** kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Fjárhjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilalan Bilás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

SPURNING DAGSINS



Dagar dagforeldra uppi?

„Nei, dagar okkar eru ekki taldir.“
Sigrún Edda Lövdal er formaður Félags dagforeldra. Hún segir Svandísi Svavarsdóttur tala fyrir því að dagforeldrastéttin verði lögð niður.

Frambjóðandaefni Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum ræða stefnu sína í beinni útsendingu á Fox:

Trump kallar eftir yfirvegum í kappþæðum

BANDARÍKIN Fyrstu kappþæður þeirra sem sækjast eftir útnefningu Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum til forsetaframbóðs á næsta ári fara fram klukkan tvö í nótt á Fox News. Munu þar þeir tíu frambjóðendur sem mælast með mest fylgi etja kappi, en alls eru frambjóðendurnir sautján.

Ljóst er að augu margra munu beinast að þeim sem með mest fylgi mælist, auðjöfrinum Donald Trump, en hann mælist

með rúmlega tuttugu prósentu fylgi. Þá eru næstu menn á eftir, Jeb Bush, fyrrverandi ríkisstjóri Flórída, og Scott Walker, ríkisstjóri Wisconsin, einnig líklegir til að verða í sviðsljósinu.

Auk þeirra þriggja verða Mike Huckabee, Ben Carson, Ted Cruz, Marco Rubio, Rand Paul, Chris Christie og John Kasich á sviðinu.

Meðal þeirra sjö sem ekki mælast með nægilegt fylgi til að fá pláss á sviðinu eru eina

konan í hópnum, Carly Fiorina, og Rick Perry og Rick Santorum sem buðu sig fram árið 2012 en nutu ekki stuðnings samflokksmanna sinna.

Trump, sem undanfarið hefur látið ýmis umdeild ummæli falla, kallaði eftir rökföstum og yfirveguðum kappþæðum í gær. „Ég ætla ekki að ráðast á neinn, en ef einhver ræðst á mig skýt ég til baka. Ég vil samt frekar ræða vandamálin í landinu.“

- þea



YFIRVEGUN Donald Trump vill að kappþæður forsetaframbjóðandaefna séu yfirvegaðar og rökfastar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Gagnrýna samráðsleysi stjórnvalda vegna þvingana gagnvart Rússum

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri SFS, gagnrýnir að ekki hafi verið haft meira samráð við hagsmunaaðila vegna þvingana gagnvart Rússlandi. Formaður atvinnuveganefndar segist áhyggjufullur en ekki sé ástæða til stefnubreytingar. Utanríkismálanefnd fundar í dag.

Stefán Rafn
Sigurbjörnsson

stefanrafn@frettabladid.is

Ingvar
Haraldsson

ingvar@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Óánægja er innan sjávarútvegsins með samráðsleysi stjórnvalda vegna viðskiptaþvingana gagnvart Rússum og kallað er eftir umræðu um aðgerðirnar.

„Þegar stjórnvöld taka ákvörðun sem hér virðist hafa verið tekin er ástæða til að vanda þar til verka og hafa samráð við þá sem þessara hagsmuna hafa að gæta og umræða um þetta allt saman sé uppi á borðum. Okkur þykir hafa skort á það,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Russia Today greinir frá því að rússneska landbúnaðarráðuneytið vinni nú að tillögum um að koma á banni við innflutningi matvæla frá sjö Evrópuríkjum utan ESB sem styðja viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum, þar á meðal Íslandi. Ekki sé þó búið að ákveða endanlega hvaða ríki séu á listanum að sögn talsmanns rússneska landbúnaðarráðuneytisins.

Íslendingar hafa ekki verið meðal þeirra þjóða sem Rússar hafa beitt innflutningsbanni þrátt fyrir að Ísland hafi tekið þátt í viðskiptaþvingunum Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og fleiri þjóða gagnvart Rússum.

Kolbeinn veltir fyrir sér hvort stjórnvöld hafi tekið rétta ákvörðun í að styðja viðskiptaþvinganirnar. „Bara þetta hagsmunamat, er það örugglega rétt?

Manni finnst að það eitt og sér ætti að fara fram,“ segir hann.

Þá gagnrýnir Kolbeinn einnig að hagsmunaaðilar fái ekki reglulega fréttir af stöðu mála. „Ef þú færð fregnir af þessu með einhverjum fyrirvara þá getur þú brugðist við í þínum viðskiptum. Það eru einhver skip sem sigla nú til Rússlands með töluvert af þessum afurðum.“

Kolbeinn segir fyrirtæki í sjávarútvegi hafa miklar áhyggjur af mögulegu innflutningsbanni Rússa á íslenskar afurðir. Fáir markaðir séu fyrir þær sjávarafurðir sem Íslendingar selji til Rússlands. „Þeir markaðir sem þó eru opnir borga mun verr en sá rússneski,“ segir Kolbeinn.

Gunnþór Ingvarsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, gagnrýnir einnig samráðsleysi stjórnvalda við sjávarútveginn og kallar eftir efnislegri umræðu um viðskiptabannið. Gunnþór segir útflutning Síldarvinnslunnar til Rússlands hafa aukist að undanfögnu. „Við höfum verið að vaxa mjög í þessu og þetta hefur gríðarleg áhrif,“ segir hann.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar, segist hafa áhyggjur af stöðunni en


ekki sé ástæða til að breyta um stefnu gagnvart Rússlandi. „Við verðum bara að vona það að þrátt fyrir þessa deilu sjái þeir ekki ástæðu til að stöðva viðskipti við okkur á þessum vettvangi,“ segir Jón.

Utánríkismálanefnd Alþingis mun funda í dag þar sem áframhaldandi þvingunaraðgerðir gegn Rússum verða til umræðu.


MAKRÍLL Kolbeinn segir erfitt að fá gott verð fyrir þær sjávarafurðir sem fluttar séu til Rússlands á öðrum mörkuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

UPPSJÁVARFISKUR EFTIR TEGUNDUM



ÚTFLUTNINGUR Á UPPSJÁVARFISKI FRÁ ÍSLANDI Í TONNUM



→ Heildarútflutningur sjávarafurða


Magn (í tonnum)	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarútflutningur	632.003	672.247	748.620	785.683	654.456
Útflutningur til Rússlands	70.898	83.233	89.450	92.862	118.510
% Rússland	11,2%	12,4%	11,9%	11,8%	18,1%

→ Aflaverðmæti útflutnings

*Milljarðar króna **Milljónir króna

Útflutningsverðmæti	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarverðmæti*	10.592	17.987	16.708	18.600	23.982
Verðmæti v. Rússlands**	220.488	251.573	268.632	272.459	243.956
% Rússland	5%	7%	6%	7%	10%

Veldu flottustu DELLuna



Skoðaðu úrvalið af flottum DELL tölvum fyrir skólann á advania.is/skoli, verð frá 69.990 kr.

Guðrúnartúni 10, Reykjavík og Tryggvabraut 10, Akureyri. Opíð mánudaga til föstudaga frá 8 til 17

advania
Welcome to IT



Verður DELLan þín ókeypis?
Einn heppinn viðskiptavinur fær skólatölvuna endurgreidda



1975 | Bílabúð Benna | 2015

ÓVERÐTRYGGÐIR VEXTIR
TIL ALLT AÐ SJÖ ÁRA!



Opel Astra

Útborgun frá aðeins:

299.000 kr.

Verð frá: 2.990.000 kr.

OPEL ASTRA

FLOTTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Þýsku gæðin leyna sér ekki og nú fæst Opel Astra á enn betri kjörum. Astra er alveg eins magnaður og hann lítur út fyrir að vera. Hann sameinar flott útlit og framúrskarandi aksturseginnleika. Opel Astra er einn vinsælasti bíllinn í Opel fjölskyldunni, enda kraftmikill, sparneytinn og lipur í alla staði.

Hægt að velja dísil- eða bensínvél. Sparneytinn: Opel Astra 1,6 dísilvélina notar aðeins 3,7l/100 km. og mengar aðeins 97 gr/km miðað við blandaðan akstur.

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Kynntu þér Opel Astra á opel.is eða á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Wir leben Autos.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir hinn nýr strandgæslubátur Landhelgisgæslunnar?
2. Hve mörg prósent reiðhjóla eru seld með öllum skyldubúnaði hér á landi?
3. Hver er formaður Félags dagfor-eldra?

SVÖR:

1. Öðinn 2. 14 3. Sigrún Edda Lövdal

Starfsemi skemmtigarða Disney utan Norður-Ameríku var verri en stjórnendur höfðu búist við:

Tekjur Disney stóðust ekki væntingar

REKSTUR Tekjur bandaríska afbreyingarrisans Disney á öðrum fjórðungi ársins jukust um 5 prósent milli ára. Í fyrsta sinn í tvö ár eru þær hins vegar minni en búist var við.

Sérfræðingar höfðu búist við því að tekjur fyrirtækisins yrðu 13,2 milljarðar dala (1.770 milljarðar króna) en raunin varð 100 milljón-um dala minna.

Rekstrarhagnaður (EBIT) minnkaði í Disney-skemmtigörðum utan Norður-Ameríku. Ástæðan er mikill rekstrarkostnaður í Disney-görðunum í París og Hong Kong. Þá fækkaði heimsóknnum í garðinn í Hong Kong.

BBC-fréttastofan hefur eftir Christine

McCarthy, aðalfjármálastjóra Disney, að veikari evra hafi orðið til þess að tekjur í garðinum í París hafi minnkað um 100 milljónir dala.

Heilt yfir jókst rekstrarhagnaður í skemmtigörðum hins vegar um 9 prósent og nam 922 milljónum dala. Tekjur af starfsemi þeirra jukust um 4 prósent og námu 4,1 milljarði dala.

Hagnaður af fjölmiðlastarfsemi jókst um 4 prósent og nam 2,38 milljörðum dala. Undir þann hluta heyra meðal annars ESPN-stöðin, Disney-stöðvarnar og ABC-sjónvarpsstöðin.

Bob Iger, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, segir við BBC að ánægja sé með fjórðunginn.



DISNEY Rekstur skemmtigarða í París og Hong Kong gekk ekki eins vel og gert hafði verið ráð fyrir. NORDICPHOTOS/AFP



VERKLOK Brátt verður hægt að aka eftir nýja vegarkafanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bráðum verður hægt að keyra nýju leiðina frá Garðabæ: Styttist í verklok á Álftanesvegi

GARÐABÆR Verklok nýs Álftanesvegjar eru áætluð þann 1. september næstkomandi, en framkvæmdir hafa staðið yfir frá september 2013. Vegurinn hefur nú verið lagður í gegnum Garðahraun og Ljósastaurar settir upp. Hluti vegarins hefur einnig verið malbikaður. Þá hefur hluti gamla vegarins einnig verið endurnýjaður.

ÍAV hafa séð um verkið en Vegagerðin stendur að verkinu í samvinnu við Garðabæ.

- þea

SAMFÉLAG

Metfjöldi í Útey


Aldreir hafa fleiri verið skráðir til þátttöku í sumarþúðum ungliðadeildar norska Verkamannaflokksins sem hefjast í Útey á föstudag. Þetta er í fyrsta sinn sem sumarþúðirnar eru haldnar í eyrni síðan 69 manns voru skotnir til bana í hryðjuverkaárásinni þann 22. júlí 2011. Norska ríkisútvarpið greinir frá því að rúmlega þúsund manns taki þátt í sumarþúðunum þetta árið. Búið er að koma upp sérstökum minnisvarða í eyjunni um alla þá sem voru drepnir í árásinni 2011.

NEYTENDUR

Rangt merktir borgarar

Búið er að ganga úr skugga um að ekki séu fleiri pakkningar af 90 g hamborgurum merktar innihalda 120 g hamborgara í umferð í verslunum Krónunnar eftir að DV greindi frá því að upp hefði komist að slíkar pakkningar væru í sölu. „Það er búið að fara yfir allar búðirnar og búið að staðfesta að pakkningarnar séu rétt merktar í búðunum,“ segir Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar, sem segir að aðeins 2-3 pakkar hafi verið óvart merktir vitlaust fyrir mistök.

PENNAN ÖRYGGISBÚNAÐ PARF HJÓL AÐ HAFNA SVO ÞAÐ SÉ LÖGLEGT



Ný reglugerð eykur öryggi og umferð

Ný reglugerð um hjólreiðar er í vinnslu og verður brátt sóst eftir umsögnum. Forstjóri Samgöngustofu segir reglugerðina miða að auknu öryggi hjólreiðamanna og meiri umferð. Hjól fyrir börn eru frekar með öryggisbúnað í lagi en önnur hjól.


SAMGÖNGUR „Reglugerðin sem nú er í gildi, frá 1994, er barn síns tíma. Margt hefur breyst,“ segir Þórólfur Arnason, forstjóri Samgöngustofu, um nýja reglugerð um hjólreiðar á Íslandi sem er í vinnslu. Drög að reglugerðinni liggja nú í innanríkisráðuneytinu og hafa gert frá því í desember. Þórólfur segir bráðum von á fundi með innanríkisráðuneyti um drögin og í kjölfarið verði þau kynnt og óskað eftir umsögnum.

„Reglugerðin verður frekar stutt og var sú leið valin að hafa reglurnar ekki íþyngjandi fyrir hjólreiðafólk nema þar sem öryggishagsmunir væru áberandi,“ segir Þórólfur. „Í þessu sem öðru gildir ákveðin skynsemi. Það á ekki að fara að draga úr notkun reiðhjóla þegar við erum á sama tíma að bæta hjólreiðastíga og auka öryggi hjólreiðamanna.“

Árni Davíðsson, formaður umsmagnarnefndar Landssamtaka hjólreiðamanna, segir reglugerðina komna til ára sinna og ríka þörf á uppfærslu. „Í Evrópu er til dæmis víðurkennt að hafa glit á hliðum hjólbarðanna í stað glits á teinum, hér er skylda að vera með glit á teinum,“ segir Árni.

Sjálfur segist Þórólfur hjóla nær daglega til vinnu og þykir honum það góður ferðamáti. Hann segir ýmislegt hafa batnað í öryggi hjól-

→ Hvernig voru hjól í verslunum útbúin?



reiðamanna og segir reglugerðina taka mið af því að hjólreiðamenn- ing sé að skapast hér á landi.

Einar Guðmundsson, formaður Brautarinnar, bindindisfélags ökumanna, segir drögin sem nú liggja fyrir meðal annars fela í sér aukna aðgreiningu á tegundum hjóla og brotthvarf keðjuhlífar og láss af lista yfir nauðsynlegan öryggisbúnað en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær segir Braut- in aðeins fjórtán prósent hjóla á Íslandi seld með tilskyldum öryggisbúnaði, þó segir Einar barnahjól frekar með öryggisbúnaðinn í lagi. „Ástandið er mun betra þar.“

Þórólfur heldur að innflytjendur hjóla reyni eftir bestu getu að hafa allan búnað á hjólum. „Ýmis keppnishjól eru þó væntanlega seld án búnaðar. Menn eru ekki tilbúnir að selja hjól með búnaði



„Það á ekki að fara að draga úr notkun reiðhjóla þegar við erum á sama tíma að bæta hjólreiðastíga og auka öryggi hjólreiðamanna.“

Þórólfur Arnason, forstjóri Samgöngustofu

sem verður tekinn af strax aftur.“ Einar segir niðurstöðurnar þó nákvæmar. Hann segir geta verið að einhverjir selji hjól með næstum öllum tilskyldum búnaði en segir að öll sjó atriði eigi þó að vera í lagi. thorgnyr@frettabladid.is

Ertu með verki í hnjám eða ökkla?

Flexor býður mikið úrval af stuðningshlífum fyrir flest stoðkerfisvandamál.






FLEXOR

NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900

ÚTSALA

ALLAR
ÚTSÖLUVÖRUR
Í FATNAÐI OG SKÓM MEÐ

70%

AFSLÆTTI

ÓTRÚLEG VERÐ

upphaflegt verð

979	→	294
1.969	→	591
2.469	→	741
2.959	→	888
3.449	→	1.035

verð með 70% afslætti

upphaflegt verð

3.949	→	1.185
4.939	→	1.482
5.919	→	1.776
6.909	→	2.073
7.899	→	2.370

verð með 70% afslætti

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SVONA ERUM VIÐ



339.168 gistinætur á hótélum á Íslandi seldust árið 2015.

Árið 1997 seldist hins vegar 165.951 gistinótt.



HÁLSLÓN 30 metra vantar í Hálslón.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vantar vatn í miðlunarlón: Veðrið bitnar á vatnsbúskap

ORKUMÁL Mikill kuldi snemma í sumar hefur valdið því að vatnsbúskapur Landsvirkjunar er undir væntingum. Það þýðir að lítil jökulbráðnun og minna rennsli í ám á landinu veldur því að miðlunarlón virkjana fyllast ekki sem skyldi.

Til að mynda vantar 30 metra á yfirborð Hálslóns til að það nái viðunandi fyllingu. Hagstætt veðurfar í ágúst og september getur breytt stöðunni talsvert en að öllu óbreyttu gæti þurft að minnka afhendingu á raforku í vetur. -srs

Ákvæði í samningnum sem tryggja að Íranar svindli ekki

Barack Obama Bandaríkjaforseti varði í gær kjarnorkusamningnum við Íran, sem Bandaríkjaþing greiðir atkvæði um í næsta mánuði. Hann sagðist skilja ótta Ísraelsstjórnar, en samningurinn tryggi að Íranar geti ekki svindlað.

BANDARÍKIN „Við skulum ekkert vera neitt að tipla í kringum þetta,“ sagði Barack Obama í gær: „Valkosturinn sem við stöndum frammi fyrir er á endanum milli viðræðna eða einhvers konar stríðs. Kannski ekki á morgun, kannski ekki eftir þrjá mánuði, en fljótlega.“

Hann sagði þetta í ræðu, sem hann flutti í háskóla í Washington, þar sem hann varði kjarnorkusamningnum við Íran og hvatti bandaríska þingið til þess að samþykka hann.

Hann vísaði til Íraksstríðsins, sem Bandaríkjamenn hafi anað út í og þurfi nú að kljást við afleiðingar þess. Nú séu þeir sömu, sem hvöttu til Íraksstríðsins, að berjast gegn kjarnorkusamningnum við Íran. Röksemdir þeirra standist samt ekki nú frekar en þá.

Harðasti andstæðingur samningsins er Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels. Hann hefur hvatt gyðinga á Bandaríkjaþingi til þess að greiða atkvæði gegn frumvarpinu: „Nú er tíminn til að standa upp og gera grein fyrir sér: Sýnið þessum hættulega samningi andstöðu,“ sagði hann í ávarpi á þriðjudag.

Steve Israel, sem er áhrifamesti gyðingurinn í röðum demókrata á Bandaríkjaþingi, brást skjótt við og sagðist ekki ætla að greiða



BARACK OBAMA Bandaríkjaforseti segir Bandaríkjaþing nú þurfa að taka mikilvægustu ákvörðun sína í utanríkismálum frá því ákveðið var að ráðast inn í Írak. NORDICPHOTOS/AFP

atkvæði með frumvarpinu. Nokkrir aðrir áhrifamiklir gyðingar á þingi hafa hins vegar sagst styðja samninginn.

Reuters-fréttastofan skýrði í gær frá því að Wendy Sherman, aðalsamningamaður Bandaríkjaþinga gagnvart Íran, hefði sagt að Bandaríkjustjórn væri reiðubúin til þess að veita Ísrael frekari aðstoð í öryggismálum, vildi Netanjahú það.

Obama sagði í ræðu sinni vel skiljanlegt að Ísraelsstjórn hefði miklar efasemdir um samninga

við Íran, enda væru þar innanborðs ráðamenn sem bæði afneita helförinni og boða grímulaust gyðingahatur.

Í samningnum væru hins vegar ákvæði, sem tryggðu að Íranar gætu ekki gengið á bak orða sinna: „Ef Íranar svindla, þá mun komast upp um þá,“ sagði Obama.

Samningurinn var gerður í júlí síðastliðnum og verður borinn undir atkvæðagreiðslu á Bandaríkjaþingi í lok september.

Samkvæmt samningnum draga Íranar verulega úr umfangi kjarn-

“ Valkosturinn sem við stöndum frammi fyrir er á endanum milli viðræðna eða einhvers konar stríðs.

Barack Obama, Bandaríkjaforseti

orkuáætlunar sinnar og gera alþjóðlegum eftirlitsmönnum kleift að fylgjast grannt með þróun mála þar, en í staðinn verður refsiaðgerðum gegn Íran aflétt. gudsteinn@frettabladid.is

ÚTSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR

30-50%

AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL

30-70%

AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL

30-50%

AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR

30-50%

AFSLÁTTUR

BAKPOKAR-SVEFNPOKAR

30%

AFSLÁTTUR

TJÓLD

20-35%

AFSLÁTTUR

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



Handlaugaveisla!

Mikið úrval, yfir 30 gerðir á lager

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga: lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimili

Lævís eins og köttur eða heppinn?

Þjófurinn í Firði vissi nákvæmlega hvar dýrustu skartgripir verslunarinnar var að finna. Þjófavarnarkerfið var tekið af áður en hann lét til skarar skríða. Innbrotið virðist skipulagt en nýjar vísbendingar benda til þess að þjófurinn hafi spilað af fingrum fram og verið heppinn.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



„Hann var eins og kisi,“ segir Guðmundur Bjarni Harðarson, framkvæmdastjóri Fjarðar, um lipra, smáaxna og skjóta þjófinn sem fór ránshendi um verslunina Úr og gull á laugardag. Þjófurinn er enn ófundinn en margt bendir til þess að um vanan mann hafi verið að ræða.

Ein húsleit hefur verið gerð en enginn hefur enn verið handtekinn.


Nýjar vísbendingar benda til þess að ránið hafi ekki verið jafn þaulskipulagt og áður hefur verið talið. Þjófurinn er grunaður um að hafa spennt upp hurð á Snryrtistofunni Rósu áður en hann lét til skarar skríða við Úr og gull. Það er í hróplegu ósamræmi við aðra hluta ránsins, að hafa með sér smáfé úr afgreiðslukassa snryrtistofunnar.

Sannað þykir að símtal, sem barst Öryggismiðstöðinni klukkan sex um morguninn og varð til þess að þjófavarnarkerfið var tekið af húsinu, hafi verið frá umhyggjusömum vegfaranda. Þjófurinn hafi verið heppinn að slökkt var á öryggiskerfinu.

„Það eru alls konar vangaveltur. Ég held að þetta gæti alveg eins hafa verið þannig að eitt leiddi af öðru. Við vitum það ekki fyrr en við erum búnin að finna gaurinn,“ segir Helgi Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður sem fer með málið.

Það þykir ljóst af myndböndum úr eftirlitsmyndavélum verslunarinnar Úr og gull að þar var þjófurinn á heimavelli. Hann hafði greinilega vitneskju um hvar dýrustu vörur verslunarinnar væri að finna og snerti ekki við öðru. Þjófurinn gekk ákveðið til verks.

„Hann gengur á allt það dýrasta. Hann lætur Hugo Boss-úrinn í friði og Kenneth Cole og Seiko,“ segir Ásgeir Ingvarsson, eigandi verslunarinnar. Hann segir þjófinn hafa haft á brott með sér hátt



ALLT TÓMT Ummerkin um kúbein þjófsins sjást greinilega á skápunum sem geymdu dýra góssið.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í tuttugu Raymond Weil-úr sem kostuðu á bilinu 300 til 800 þúsund krónur.

Einnig tók þjófurinn dýra ítalska demantshringa sem sumir kostuðu hátt í eina milljón króna. Dýrir gullskartgripir hurfu jafnframt með þjófum en silfur og ódýrari munir voru látnir í friði.

Aðspurður hvort starfsfólk hafi orðið vart við grunsamlegar mannaferðir segir Ásgeir: „Það eru alltaf einhverjir grunsamlegir en ekkert sem hönd er á festandi.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa eftirlitsmyndbönd Fjarðar verið skoðuð nokkuð aftur í tímann í þeirri von að finna mann sem gæti passað við þjófinn. Það hefur ekki borið árangur. Þá hafi lögregla fengið upplýsingar um grunsamlega menn á ferli í verslunarmiðstöðinni án þess að nokkuð hafi komið upp úr kafinu.



ÞJÓFURINN FÓR ÞESSA LEIÐ UM VERSLUNARMIÐSTÖÐINA FJARÐ

- Um 6.:00** fær Öryggismiðstöðin símtal um opnar dyr á verslunarmiðstöðinni. Öryggisvörður tekur þjófavarnarkerfið úr sambandi og heldur á staðinn. Allt með kyrrum kjörum þegar öryggisvörður kemur á svæðið.
- 6:30** Hérna spennti þjófurinn upp neyðarútgang og komst inn í anddyri hússins.
- Þjófurinn reynir að brjóta sér leið inn í miðstöðina um þessar dyr en án árangurs. Fyrir innan sést snryrtistofan sem hann er grunaður um að hafa brotist inn í líka. Þar á hann að hafa spennt upp hurðina með kúbeini og haft á brott með sér nokkurt fé.
- Þegar ljóst er að inn um dyrnar með glerhurðinni verði ekki komist hleypur þjófurinn upp stigang og spennir upp hurð á efri hæð.
- Maðurinn gengur ákveðnum skrefum frá stigaganginum og að versluninni Úr og gull. Hann heldur sig nálægt veggjum, líklega í þeirri von að nást ekki á mynd. Sé miðað við hillu í Skóhöllinni sem þjófurinn gekk fram hjá má ætla að maðurinn sé um 1,70 metrar á hæð.
- Þjófurinn gengur rakleiðis að glugga á vinstri hlið verslunarinnar. Hann brýtur lítið gat með kúbeininu og smeygir sér inn.
- Hann byrjar á að fara innst í verslunina og athafnar sig. Því næst gengur hann beint að afgreiðsluborði verslunarinnar og hvolfir bökkum með demantshringum ofan í töskuna sína, bakkarnir verða eftir. Því næst gengur hann að tveimur skápum á vegg verslunarinnar og spennir þá upp. Þar voru geymdir dýrustu skartgripir verslunarinnar og dýrustu Raymond Weil-úrin.
- Maðurinn fer aftur út um gatið. Hann gengur beint til hægri, niður stiga og út um neyðarútgang. Engar eftirlitsmyndir sýna hvert hann fór í kjölfarið eða hvernig hann komst undan.

EFTIR RÁNIÐ

- 7:00** Fjörður opnaður.
- 7:50** Öryggisvörður hefur samband við framkvæmdastjóra og segir að reynt hafi verið að brjóta inn í apótek verslunarmiðstöðvarinnar. Nánari athugun sýnir að allt er á rúi og stúi í Úr og gull.
- 10:21** Símtal berst til lögreglu um innbrot. Hún kemur á svæðið nokkrum mínútum síðar og rannsókn hefst.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.420.000 kr.



Þú kemst lengra en borgar minna

ŠKODA Octavia G-TEC er með tvo metantanka og einn 50 lítra bensintank svo þú kemst 1.330 km án þess að fylla á og færð líka fritt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is



SKILNAÐUR Frans vill bjóða frásýlda velkomna í kirkjunna. NORDICPHOTOS/AFP

Frans vill ekki bannfæra: Páfi býður frásýlda velkomna

PÁFAGARÐUR „Það ætti ekki að koma fram við fólk sem leitar nýs upphafs eftir að hjónaband þess beið ósigur eins og það sé bannfært,“ segir Frans páfi. Frans vill að kaþólska kirkjan bjóði frásýlda fólk velkomna.

Kaþólikar sem skilið hafa við maka sinn mega ekki ganga til altaris í kirkjum og eru samkvæmt reglum kirkjunnar álitnir lifa í synd.

„Óþarfi er að bæta þessum áhyggjum ofan á þær áhyggjur sem börn frásýlanna hafa nú þegar. Hvernig eiga börnin að iðka trú sína ef foreldrar þeirra eru ekki velkomnir?“ - þea



SIGURÐUR INGI JÓHANNSON Lög um vernd afurðaheita voru meðal helstu þingmála ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ellefu frumvörp samþykkt: Lagði fram fjórtán frumvörp

ALPINGI Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, lagði fram fjórtán lagafrumvörp og eina þingsályktunartillögu á liðnu þingi. Alls samþykkti þingið ellefu af þessum frumvörpum auk þingsályktunartillögunnar.

Meðal helstu þingmála ráðherra má nefna lög um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.

Með jarðarlögum er stuðlað að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra. - ngy



HELSINKI Finnsk stjórnvöld hafa ekki fengið opinbera tilkynningu. NORDICPHOTOS/GETTY

Rússar herða aðgerðir sínar: Farga mat á landamærum

FINNLAND Ný tilskipun frá Rússlandi kallar á það að öllum matvælum sem eru flutt yfir landamærin frá Finnlandi til Rússlands skuli farga.

Þetta er hluti af nýjum aðgerðum sem Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, tilkynnti um á þriðjudaginn.

Yfirvöld í Finnlandi kannast ekki við formlega tilkynningu um að matvælum sé fargað á landamærunum en hafa þó haft veður af því úr rússneskum fjölmöldum. - sfs

Vilja ný orð fyrir hugtök um kyntjáníngu, kynvitund, kynhneigð og ný ókyngreind frændsemisorð:

Samtökin '78 halda hinsegin nýyrðakeppni

MANNLÍF „Okkur finnst mikilvægt að allir geti talað um hinsegin reynslu og hinsegin líf á sínu móðurmáli,“ segir Þorbjörg Þorvaldsdóttir sem situr í undirbúningsnefnd nýyrðasamkeppninnar Hýrýrða.

Samtökin '78 standa fyrir samkeppninni í tilefni Hinsegin daga sem nú standa yfir en Þorbjörg segir markmiðið að finna íslensk heiti yfir ýmis hinsegin hugtök. Í tilkynningu frá samtökunum segir að fjölmörg orð séu til í hinsegin

orðaforðanum sem enn hafa ekki fengið íslenska þýðingu.

Beðið er um þýðingar á hugtökum um kyntjáníngu, kynvitund, kynhneigð auk nýrra, ókyngreindra frændsemisorða í stað kyngreindra orða líkt og frænka, frændi, mamma og pabbi, þar sem hópur fólks fellur ekki inn í tvíkyntja kerfi.

„Í dómnefnd sitja málfræðingar, fulltrúi úr kynjafræði frá HÍ og fólk úr hinsegin samfélaginu. Til að orð verði notað þarf það að

gera meira en hljóma vel. Fólk sem fellur undir skilgreiningu orðsins þarf að vera sátt við það,“ segir Þorbjörg.

„Samkeppnin sem komin er í loftið stendur til 4. september svo fólk hafi tíma til að hugsa,“ bætir hún við en samkeppnina má finna á heimasíðu Samtakanna með útskýringum á þeim hugtökum sem sóst er eftir nýyrðum yfir.

„Þetta er bara byrjunin, það eru svo mörg orð til. Hver veit nema við höfum Hýrýrði 2016?“ - þea



„Til að orð verði notað þarf það að gera meira en hljóma vel. Fólk sem fellur undir skilgreiningu orðsins þarf að vera sátt við það.“

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, undirbúningsnefnd Hýrýrða

Margverðlaunaður lífeyrissjóður

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var á síðasta ári valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki í samkeppni á vegum fagtlímaritsins Investment Pension Europe. Sjóðurinn var einnig valinn besti lífeyrissjóður Evrópulanda með færri en eina milljón íbúa annað árið í röð. Á undanförunum árum hefur sjóðurinn hlotið fjölmörg alþjóðleg verðlaun sem endurspeglar sterka stöðu sjóðsins og árangur hans.

Ef þú hefur frjálst val um hvar þú ávaxtar skyldulífeyrissparnaðinn þinn og vilt faglega stýringu þá er Frjálsi lífeyrissjóðurinn góður kostur. Jafnframt stendur öllum til boða að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Þú færð ítarlegar upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn í næsta útibúi Arion banka, á frjalsi.is, með því að senda fyrirspurn á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða í síma 444 7000.

Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins

Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta
14,7%	11,5%	6,6%	15,0%
10,6%	8,4%	6,8%	10,6%

■ Nafnávöxtun 30.06.2014 – 30.06.2015
 ■ 5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 30.06.2010 – 30.06.2015

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbandingu um ávöxtun í framtíð. Fimm ára ávöxtunartölurnar sýna meðalnafnávöxtun fyrir tímabilið 30.06.2010–30.06.2015 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn, þ.á.m. um ávöxtun hvers árs, samþykktir sjóðsins o.fl., má nálgast á frjalsi.is. Arion banki er rekstraraðili Frjálsa lífeyrissjóðsins.



BARÁTTUKONA FYRIR FRÍÐI Viktoria Tudhope berst fyrir bættum heimi. Hún blæs á það að kjarnorkuvopn veiti öryggi gegn hryðjuverkum og segir gáleysislega flutninga á kjarnaoddum um vegi Bretlands mun meiri ógn og draga jafnvel að sér hryðjuverkamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Purfum velferð frekar en vopnaskak

